

# List án niðurstöðu

Eftir Unnar Örn Auðarson  
unnar@unnarorn.net

Listamenn fá flestar hugmyndir þegar þeir gera mistök, sagði amma gjörningalistarinnar Marina Abramovic við gesti á *Tilraunamaraboni* Hafnarhússins síðustu helgi. Áhorfendur voru þannig enn og aftur minntir á mikilvægi þess að gera tilraunir á sjálfum sér og hugmyndafræði sinni. Abramovic staðfesti þannig gamlan sannleik þegar hún framkvæmdi síðustu tilraunina á sunnudagseftirmiðdaginn. Hún sagði þar öllum sem vildu heyra, frá erfðum kynnum sínum af kynlífsráðgjafanum Dr. Ruth. Abramovic játaði að Dr. Ruth hefði verið átrúnaðargoð sitt en hefði fallið af stallinum núna í fyrsta skiptið. Hún lýsti því hvernig þekktasti kynlífsráðgjafi okkar tíma vildi núna hvorki tala við hana, láta taka mynd af sér með henni né hvað þá vera þáttakandi í nokkru sem að tengdist listskópun hennar. Þannig gerði Abramovic sér mat úr því hörmulega anti-klímaxi sem gerst hafði á föstudeginum. Þá hafði henni vera hafnað algjörlega af Dr. Ruth sem Abramovic hafði boðið á marabonið til að gera gjörning á sviðinu með sér. Abramovic játaði þannig mistök sín og endaði svo með því að bjóða, biðja og jafnvel skipa áhorfendum að taka þátt í performans með sér á „Skurðarborði Sálarinnar“, sem er verk eftir hana sem stendur út sýningartíma *Tilraunamarabonsins* í fjölnota sal Hafnarhússins.

Mistök eru alltaf innan seilingar þegar tilraunir eru framkvæmdar og þannig alltaf nauðsynlegur hluti af vinnuferli bæði lista- og vísindamanna. Það er ekki oft sem vinnuferli eða hugmyndafræði er það sem bindur sýningu saman á íslensku listasafni. Yfirleitt er það lokaniðurstaðan hjá vísindamanninum sem almenningur fær aðgang að. Sönnuð með línurítum og útreikningum. Á sama hátt er það listaverkið sem kemur fyrir sjónir gesta á listasafni sem niðurstaða langs vinnuferils eða tímafrekrar vinnu. Oftast slétt og fellt. Pottþétt og innrammað. Gestir listasafna sjá þess vegna ekki listaverk endilega sem tilraun eða hluta af ferli heldur eitthvað endanlegt, varanlegt og ósnertanlegt. Það er að einhverju leyti listasafnið sem stofnun sem hefur komið á fót þessari mytu um virkni listarinnar með framsetningu og nálgun sinni við listaverkið. Það er þessi myta sem sýningin *Tilraunamarabon* skákar á einhvern hátt. Það má á einhvern hátt líta á það að taka fyrir tilraunir og hugmyndina á runsóknarstofu sem áframhald af síðustu listaháttíð þar sem áherslan var á myndlist. En þá var þá stór sýning bæði í Listasafni Íslands og Hafnarhúsinu á verkom Dieters Roth en hann er sá listamaður sem er hvað þekktastur fyrir niðurbrot á hinu varanlega í tengslum við listaverkið og því að reyna að koma ferlinu til skila í verkom sínum.

## Marabon um tómið

Stemmingin á *Tilraunamaraboninu* var á einhvern hátt óreiðukennd báða dagana. Eitthvað var samt hressandi við hráðann á fyrirlesturunum sem voru keyrðir áfram af sýningarstjórnunum sem voru eins og sambland af handboltapjálffara og sjónvarpsþu. Tilfinningin á staðnum var sú að hægt væri að koma og fara að vild. Þínulítið eins og horfa á undirbúning sýningar í leikhúsi í staðinn fyrir að mæta á frumsýningu. Allt fólkíð sem var með í dagskránni var að einhverju leyti óæft, óruggt eða að reyna nýja leið. Og þegar það andrúmsloft myndast veit maður aldrei hvað gerist næst. Gestirnir villtust um húsið, skoðuðu listaverkin í söulunum og settust kannski niður til að hlusta á þá fyrirlestara og gjörninga sem boðið var upp á. Margir gestir sátu þó stíft, og stóðu bara upp til að fara á klósettið eða næla sér í kaffibolla. Ég viðurkenni að ég sé ekki alla viðburðina á dagskránni. Enda held ég að hugmyndin hafi varla verið byggð þannig upp, þótt prógrammið sé hugsað sem marabon. Ég upplifði þetta marabon eins og eitthvað sem ekki þarf endilega að klára. Marabon sem allt í lagi er að stoppa og líta í kringum sig.

Föstudagsmorguninn byrjaði á því að sýningarstjórnarnir, Hans Ulrich Obrist og Ólafur Elíasson kynntu hvert var í þeirra huga mikilvægi tilraunar eins og þessarar. Þá tóku við hugleiðingar frá hópi vísinda og fræðimanna sem flestallir kynntu ólíka leið til að skilgreina og velja upp ramma skynjunar, veruleika og

drauma. Eitthvað sem gestir í listasöfnum eru sýfellt minntir á þegar þeir nálgast listaverk. Nokkrir arkitektar töluðu líka á föstudeginum og sögðu þeir flestir frá hugmyndum sínum um vinnuferli og fantasíur. Arkitektinn David Adjaye greindi frá útópískum hugmyndum sínum um að sameina allar stærstu borgir Evrópu í eina risastóra ofur borg og var með útskýringar á hugsanlegri virkni og útliti þessarar mega-borgar. Amerískur listamaðurinn og pólitíski aktivistinn Jimmie Durham glímdi við sjálfan sig. Já eða talaði við sjálfan sig með símtól í hendi á sviðinu. Gafst að lokum upp og sagðist ekkert ætla að gera það sem ætlast væri til af honum. Braut gamla vekjaraklukku með grjóti og gekk af sviðinu. Áhorfendur hikuðu við að klappa þegar hann var horfinn og var augljóst að þessi tæplega sjötugi listamaður kann ennþá að ögra þeim reglum sem listamönnum eru settar og getur þannig skapað nýjar leiðir til að hugsa um hlutina. Jonas Mekas, einn af frumkvöðlum framúrsefnunna í kvikmyndagerð flutti gjörning með hjálp frá tveimur aðstoðarmönnum. Sýnd var kvikmynd á sama tíma þar sem hann benti á munninn og eyrað á sér og barði svo endurtekið í borðið. Heimtaði þögn. Sem hann fékk svo og þá tók við söngur um álfa og tröll. Sænska listakonan Fia Backström var með að mínu mati, kraftmestu og áhrifamestu framsetninguna á föstudeginum. Hún var einsog pólitískur sem hélt framboðsræðu fyrir stjórnmalaflokk sem aldræi getur orðið til. Beitt, sjálfs gagnrýnin og óhrædd við að nota myndmál við að koma boðskap sínum til skila. Í lokin birtist svo austuríska raftónskáldið og listamaðurinn Florian Hecker í kompaní við postula menningarinnar, Francescu von Habsburg og gerði hljóðtilraunir á áhorfendum. Var það ágætur en jafnframt óþægilegur lokahnykkur á föstudeginum. Einhvers konar samspil glamúrs, peninga og neðanjarðarmenningar sem varla er hægt að lýsa með orðum.

Listamennirnir á sunnudeginum fundust mér margir nánast eins og tóframenn eða alkemistar sem benda á hið augljósa sem er hulíð sýn. Þorvaldur Þorsteinsson breytti vatni í vín eftir uppskrift John Baldessari. Haraldur Jónsson tengdi saman fólk eins og rafvirki. Með því einu að láta ókunnugt fólk haldast í hendur á sviðinu voru hugir og tilfinningar þeirra augljóslega samstilltir eftir handleiðslu Haraldar. Hann sýndi fram á fnstillingu á tilfinningalífi þeirra í leikrænum tilraunum á sviðinu. Var eins og holdgervingur spíritismans mættur til að kafa í undirmeðvitundina. Fólkíð streymdi á svæðið þegar poppstjarnan Brian Eno stofnaði kór með áhorfendum og á innan við tíu mínútum ómaði um allt safnið fjöldasöngur á laginu Can't Help Falling in Love sem er hvað þekktast í flutningi Elvis Presley og í beinu framhaldi þykkva-bæjarrokk í þýðingu Árna Johnsen. Var eins og gestirnir hefðu hrist saman í fjöldasögn, allveg einsog í Herjólfssdal. Eno breiddi svo út boðskap sinn og hvatti alla viðstadda til að stofna eigin kóra og söngdeildir til þess að hittast og deila ólíkri reynslu saman. Karl Holmqvist, sænskur listamaður búsettur í Berlín, flutti gagnrýninn en ljóðrænan performans sem hann kallaði Andy's Chest, byggðan á samnefndu dægurlagi. En áður en hann flutti ljóðrænan gjörning sinn þakkaði hann fyrir að vera boðið á marabonið. Fyrir að fá sínar 15 mínútur af frægð og skerpti á punktum um rétt og stöðu listamanns gegnt ágengum sýningarstjórn og báknri listasafnsins. Bandaríska listakonan Carolee Schneeman vakti spurningar um samband konu og dýrs með dramatísku verki sem hún vann í samvinnu við Erró. Nakin kona á hvítum hesti var leidd inn í salinn og áhorfendur héldu niðri í sér andanum á meðan skeppan var í salnum. Eftir þetta rafmagnaða andartak sýndi hún myndbandsverk af sjálfri sér og kettinum sínum í erótískum atlotum. Fallet myndband sem var gott mótvægi við fákinn og nöktu konuna. Marina Abramovic endaði svo prógrammið með fjöldagjörningi með þátttöku áhorfenda. Það er svo spurning hvort marabonið hafi verið um tómið sjálft eða notað til að fylla það sem ekki er hægt að tala um í íslenskum myndlistarheimi. En það er ábyggilegt að eitthvert tómarúm myndast núna eftir dagskrána síðustu helgi og nú er það hlutverk Hafnarhússins að fylla það tóm.

Höfundur er myndlistamaður.



Morgunblaðið/G. Rúnar

**Tilraun Carolee Schneemann og Errós** Nakin kona á hvítum hesti var leidd inni salinn og áhorfendur héldu niðri í sér andanum á meðan skeppan var í salnum. Eftir þetta rafmagnaða andartak sýndi hún myndbandsverk af sjálfri sér og kettinum sínum í erótískum atlotum.

einhvers konar miðjumoð. Það er góð og gild ástæða fyrir því að menn sérhæfa sig í einhverju ákveðnu, hún er sú að ekki er hægt að vita allt. Ef sjónarhorninu er drepið of mikið á dreif, er orðið stutt yfir í afstæðishyggju sem gengur ekki út á að umfaðma sem flest gild sjónarhorn, heldur út á það að öll sjónarhorn séu jafn gild og þar með engin leið að halda einu þeirra fram frekar en öðru.

## Þolmörk skynjunar

Sá hluti *Tilraunamarabonsins* sem er eftir, það er skrásetning þess sem hefur farið fram og sýningin sem núna er í Hafnarhúsinu er ekki síður athyglisverður heldur en það sem nú þegar er afstaðið í formi tilraunanna sjálfra. Marabonið hér er hluti af stærra verkefni sem inniheldur fleiri atburði af svipuðum toga. Kannski má líta á þetta sem röð tilrauna með sama markmiði, að gera betur grein fyrir upplifun og framsetningu eru mikilvægur hluti af því sem nú tekur við. Það er vinkill útaf fyrir sig að listasafnið skuli hér lagt undir þekkingarsafn. Ef við tökum undir það að myndlist sé þekking þá má auðvitað segja að við höfum fallist á þetta hlutverk listasafnsins. En sú spurning vaknar, hvort það sé ekki nýtt að listasafnið sé safn upplifana? Upplifun krefst þátttöku, í það minnsta þeirrar þátttöku að leyfa sér að hrífast með, að upplifa það sem fram fer. Í fyllri merkingu krefst upplifun þess að við göngumst inn á þá hugmynd að við sjálf höfum áhrif, með skynjun okkar, á merkingu þess sem fram fer. Það er vel þess virði að velja fyrir sér hvað hef-

ur orðið til, þegar búið verður að safna saman afurðum þessa marabons og fleiri marabona, í gagnasafn. Hverslags safn verður það? Þeir þræðir sem hægt verður að draga úr því, verða þverfaglegir í ýtrasta skilningi þess hugtaks, en það er trúlega ekki það merkilegasta við þá, heldur það að þeir verða dregnir í gegnum svið sem fást við sama viðfangsefni, það er aðgang okkar að heiminum. Venjulega er hins vegar lítið svo á að þessi svið eigi lítið eða ekkert sameiginlegt.

Kristján Leósson minntist á það í sinni tilraun að við greinum ekki nema lítinn hluta af þeim upplýsingum sem eru til staðar í umhverfi okkar hverju sinni og gat sér til að við værum þannig úr garði gerð, hreinlega til þess að hindra úrbreðslu úrvinnslustöðvarinnar, heilans. Ef þetta er rétt tilgáta hjá honum, þá virðist mér fullsannað einnig, að við höfum gott af því að láta reyna á þessi þolmörk skynjunar okkar. Það var mjög ríkuleg reynsla að fá að fylgjast með þessum flaum hugmynda og þekkingar sem *Tilraunamarabonið* var sett saman úr. Eins og tilraun Hreins Friðfinns-sonar sýndi fram á, þá eru sumir hlutir þess eðlis að betra er að útskýra þá ekki. Sú upplifun furðu eða undurs sem fylgir því að skynja það sem maður skilur ekki, að uppgötva, þó ekki sé nema í smá stund, leyndardóm í hlutunum, er hollt og gott. Þetta undur er staðfesting á því að ennþá er eitthvað handan við textann, handan við útskýringuna.

Höfundur er myndlistarmaður og meistaranemi í heimspéki við Háskóla Íslands.